

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps 2004-2016.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 2. júní 2016 breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps, sem samþykkt var í sveitarstjórn Skeiða- og Gnúpverjahrepps 4. maí 2016.

Í breytingunni felst að 1,6 ha landbúnaðarsvæði í landi Hraunvalla breytist í verslunar- og þjónustusvæðið V12, þar sem gert er ráð fyrir allt að 1000 m² gisti- og þjónusturými fyrir ferðamenn.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 2. júní 2016.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 16. júní 2016